

Skýrsla um erlent samstarf 2018-2019

Á haustmánuðum 2018–2019 voru Auður Þóra Björgúlfsdóttir og Ásdís Ingólfisdóttir að nýju ráðnar sem verkefnastjórar erlendra samskipta. Verkefni tengd erlendum samskiptum og ferðum erlendis voru af ýmsum toga en á skólaárinu 2018-2019 bar hæst:

1. Skólaheimsókn starfsfólks til Hamborgar

Í haustfríinu dagana 17.-21. október fór hópur starfsfólks og maka þeirra í námsferð til Hamborgar í Þýskalandi. Auk þess sem hópurinn þáði boð skrifstofu menntamála um kynningu á menntakerfinu voru fjórir framhaldsskólar sóttir heim. Í heimsóknunum var hópnunum skipt í tvennt og skoðaði hvor hópur um sig tvo skóla. Skipst var á skoðunum við heimamenn, farið inn í kennslustundir og haldin var kynning á helstu viðfangsefnum skólanna.

2. Móttaka erlendra gesta

Heimsóknir erlendra kennara og nemenda færast í vöxt. Fjöldi fyrirspurna berst og er reynt að verða við þeim eftir því sem tækifæri gefst til. Gestir sem heimsóttu Kvennó skólaárið 2018-19 voru frá hinum ýmsu löndum, þ.á.m. Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Tékklandi.

Aðallega var um að ræða stuttar heimsóknir kennara með nemendahópa sem komu þá og fengu kynningu á skólanum og litu við í kennslustundum. Í lok mars komu þó nemendur frá CIS-skólanum í Kalmar í Svíþjóð ásamt kennurum til landsins í tengslum við samstarf sitt við Kvennaskólann og sóttu m.a. kennslustundir og unnu verkefni með nemendum hér heila kennsluviku í tengslum við samstarfsverkefni.

Eins sóttu þrír kennarar frá Finnlandi skólann heim í haust og fengu að fylgjast með kennslu í 3 daga og ræddu um leið möguleika á frekara samstarfi í framtíðinni.

3. Samstarfsverkefni

Í ár var seinna ár verkefnisins „Student voices“ sem styrkt er af í Erasmusplus KA2 áætluninni. Kvennaskólinn er þátttakandi í verkefninu ásamt Reykjavíkurborg, Landakotsskóla og skólum í Finnlandi og Danmörku. Í byrjun þessa árs fór hópur kennara Kvennaskólans ásamt skólameistara til Finnlands í tengslum við þetta verkefni. En lokapunktur verkefnisins er stór ráðstefna sem haldin verður þann 16. ágúst 2019 í Grófarhúsi. Íslensku stofnanirnar sem taka þátt í verkefninu hafa haft veg og vanda af að skipuleggja þessa ráðstefnu en þátttakendur eru frá öllum samstarfslöndunum. Sjá nánar um verkefnið á: <https://www.studentvoices.eu/>.

Kvennaskólinn var einnig í samstarfi styrktu af Nordplus Junior við CIS-skólann í Kalmar í Svíþjóð í vetur en skólinn hefur frá árinu 2004 verið í miklu samstarfi við þann skóla. Verkefnið snýr aðallega að sjálfbærni og orku frá ýmsum hliðum og gerður er samanburður á löndunum tveimur. Dagana 23.–29. september 2018 sl. dvöldu 23 nemendur Kvennaskólans hjá framhaldsskólanemendum í Kalmar, Ásdís Ingólfisdóttir og Elva Björt sem halda utan um verkefnið fóru með þeim í þá ferð. M.a. var farið um Öland þar sem skoðuð var sementsverksmiðja sem leggur áherslu á að minnka CO₂ mengun. Farið var í fuglamerkingastöð í Ottenby, skoðaðir elgir, farið í sjóferðasafn í Karlskrona þar sem m.a. var að finna kaþbátasafn. Hápunktur ferðarinnar að margra mati var heimsókn í Äspö-laboratoriet þar sem verið er að rannsaka og prófa

aðferðir til að ganga frá kjarnorkuúrgangi neðanjarðar. Sænsku nemendurnir komu svo til Íslands í mars 2019 og gistu þá inni á heimilum íslensku nemendanna. Á meðan að á þeirri heimsókn stóð unnu nemendur saman verkefni þar sem þeir gerðu samanburð á íslensku og sænsku samfélagi og lífnaðarháttum, framleiðslu, neyslu, heilsu og auðlindanýtingu svo fátt eitt sé nefnt. Þeir luku svo verkefninu með því að flytja fyrirlestra í sænska sendiráðinu í Reykjavík. Auk þess að vinna verkefnum heimsóttu nemendurnir söfn og fyrirtæki. Sænski hópurinn skoðaði auk þess náttúru Íslands.

4. Umsóknir

Kvennaskólinn í Reykjavík sótti um styrki úr Erasmus+ KA1 áætluninni vegna endurmenntunarnámskeiða í Evrópu fyrir hóp starfsmanna skólaárið 2019 – 2020 en því miður fékk skólinn ekki úthlutað styrk í þetta sinn.

5. Áfangar með borgarferð

All mörg undanfarin ár hafa verið kenndir nokkrir áfangar við Kvennaskólann þar sem farið er í borgarferð, svokallaðir Berlínar-, Parísar-, Rómar- og Skotlandsáfangar. Hvorki var farið í námsferð til Skotlands né Rómar skólaárið 2018-19 en hinir tveir áfangarnir voru kenndir. Í tengslum við þá fóru 48 nemendur til Berlínar í námsferð í október ásamt kennurunum Elnu Katrínu Jónsdóttur, Ástu Emilsdóttur og Björgu Helgu Sigurðardóttur og 19 nemendur til Parísar ásamt Margréti Helgu Hjartardóttur og Jóhönnu Björk Guðjónsdóttur.

Borgaráfangarnir eru kenndir í vali og er hver þeirra 5 einingar. Nemendur bera sjálfir allan kostnað af þessum ferðum og kennarar þessara áfanga sjá að öllu leyti um þá án aðkomu verkefnastjóra erlendra samskipta. Sjá nánar áfangalýsingar á heimasíðu skólans: <http://www.kvenno.is/kvennaskolinn/afangar/>.

Reykjavík, ágúst 2019
Auður Þóra Björgúlfsdóttir og Ásdís Ingólfssdóttir,
verkefnastjórar erlendra samskipta